

# Fundur stjórnar Markaðsstofu Norðurlands

kl. 13:00 fimmtudaginn 17. nóvember 2022, Teams fundur

Mættir stjórnarmenn: Viggó Jónsson formaður, Guðmundur Þór Birgisson, Hilda Jana Gísladóttir, Jóhanna Ey Harðardóttir, Sigrún Hulda Sigmundsdóttir, Örn Arnarson, Tómas Árdal varamaður.

Þorbjörg Jóhannsdóttir varamaður og Steinunn Heba Finnsdóttir boðuðu forföll.

Starfsmenn: Arnheiður Jóhannsdóttir framkvæmdastjóri og Halldór Óli Kjartansson verkefnastjóri.

Fundur settur klukkann 13:09

## Dagskrá:

### 1. Staða ferðapjónustunnar

Framkvæmdastjóri sagði frá að almennt væri mikið að gera og það langt fram á haust. Fundurinn tók undir þetta og nefndi þó að það væri mismikið að gera eftir svæðum en að allt væri að fara í rétta átt. Merkja mætti svipaðar tölur í fjölda eins og var 2017-2018. Bókunartími er stuttur núna og staðan fyrir næsta sumar góð. Einstaklingar eru stærsti hluti af ferðamönnum þessa stundina og er það í takti við heimsmyndina. Viðskipta og ráðstefnumarkaður er lengur að taka við sér. Verðlag virðist vera í góðu jafnvægi við samanburðarlönd sem gerir sölu aðgengilegri. Það eru ennþá vetrarlokanir á ákveðnum stöðum t.d. við Mývatn sem breytist vonandi í náinni framtíð. Umræða um heimamarkaðinn átti sér stað og hvernig hann muni þróast í nýrri heimsmynd eftir faraldurinn. Tækifæri í fjárfestingum í tengslum við vetrarípróttir rædd, bæði innviðir og þá helst þjónusta sem nýtist öllum markhópum.

### 2. Fjármögnun flugklasa

Framkvæmdastjóri fór yfir viðbrögð sveitarfélaga við áframhaldandi samning um stuðning við flugklasan. Farið var yfir sögulega fjármögnun flugklasans. Rætt var um afstöðu sveitarfélaga í tengslum við umræðu hjá SSNE um stuðning og óskað er eftir upplýsingum í tengslum við það. Við fjárhagsgerð sveitarfélaga þá er verkefnið í skoðun eins og önnur. Fundurinn fór yfir svör og mikil umræða átti sér stað um framtíð flugklasans. Formaður ræddi þá miklu vinnu og þann árangur sem hefur náðst í gegnum verkefnið, við miklar undirtektir. Rætt var um mikilvægi þess að styðja vel við starfið og að stjórn ætti að beita sér fyrir því að tryggja þann stuðning sem þarf svo að verkefnið geti haldið áfram að sækja og sinna þeim stóru og mikilvægu verkefnum sem framundan eru. Rætt var um tækifæri í upplýsingargjöf til þess að tryggja sem besta vitneskju hagsmunaraðila.

### 3. Önnur mál

Stjórn ræddi stöðu ferðaþjónustunnar í Hrísey í tengslum við fyrirhugaðar breytingar á ferjuferðum og skorar á ríkisvaldið að tryggja að ekki verði skert aðgengi ferðamanna að Hrísey.

Erindi frá Cruise Iceland varðandi landtöku skipafélaga utan hafna. Óskað eftir tillögum frá MN varðandi svæði þar sem þetta mætti eiga sér stað. Allar áfangastaðastofur hafa fengið svipað erindi. Fundurinn taldi mikilvægt að fá frekari upplýsingar svo hægt væri að taka fyrir svo viðamikið og viðkvæmt málefni.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl 14:50

Fundarritari HÓK